

6. stjórnarfundur Landssambands ungmannafélaga

Fjarfundur 10. júní 2020, kl. 17:19

Mættir eru: Una Hildardóttir (UH), Sara Þöll Finnbogadóttir (SÞF), Ásdís Nína Magnúsdóttir (ÁNM), Tanja Teresa Leifsdóttir (TTL), Rut Einarsdóttir (RE) og Sigurður Helgi Birgisson (SHB) starfandi frkvstj.

Fundur settur: 17:19

Fundarstjóri: Una Hildardóttir (UH)

Dagskrá:

- Fundargerð** 5. stjórnarfundar er samþykkt.
- Nýsköpunarsjóður námsmanna** hefur úthlutaði styrk til LUF fyrir tveimur starfsnemum í þrjá mánuði. [Auglýsing](#) er komin í dreifingu og umsóknir byrjaðar að berast. SHB er falið að ganga frá ráðningu.
- Ungt fólk og samfélagsbreytingar vegna COVID-19:** Ákveðið er að UH, SHB, GF og SÞF sækji fund með forsætisráðherra 12. júní Útbúanar verða tillögur með megináherslum LUF sem bornar verða undir Leiðtogaráð á fjarfundi áður en þær verða kynntar fyrir forsætisráðherra.
- Samráðshópur mennta- og menningarmálaráðherra um íþrótt- og æskulýðsmál:** LUF bíður eftir frekari upplýsingum frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu um styrkveitingar til æskulýðsmála.
- Samstarf við félagsmálaráðuneytið:** Tillögur LUF skv. samstarfssamningi hafa verið sendar og hefur SHB óskað eftir fundi með ráðuneytinu því samhliða.
- Alþjóðamál:**
 - COMEM:** SÞF greinir frá fjarfundi sem fór fram 6. júní. Þar skapaðist ósætti meðal aðildarfélaga um fundarstjórn sem gekk á málfrelsi fundarmanna.
 - Sendinefnd LUF hjá Sameinuðu þjóðunum:** HLPF verður með [óhefðbundnu sniði](#). SHB sækir undirbúningsfund með ungmennafulltrúa LUF á sviði sjálfbærar þróunar.
 - NUBF:** LUF hefur opnað fyrir umsóknir fulltrúa aðildarfélaganna til að sækja [vinnustofu](#) í Danmörku.
- Stefnumótun Æskulýðsráðs:** SHB upplýsir stjórn um áframhaldandi vinnu Æskulýðsráðs.
- 1. fundur Leiðtogaráðs LUF:** UH greinir frá óformlegum fjarfundi leiðtogaráðs. Skrifstofu er falið að finna fundartíma í Hinu húsinu í samráði við GF.
- Aðildarmál:** Umsókn hefur borist frá UngHugum Hugarafsls. UH felur SHB að hefja umsóknarferlið og vinna skýrslu með álitum sem fer fyrir stjórn á næsta fundi. *ÁNM vikur af fundi.*
- Næsti stjórnarfundur:** þriðjudaginn 23. júní.
Önnur mál:
 - SÞF greinir frá því að á seinasta aðalfundi Rauða krossins hafi ungliðadeildin (URKÍ) verið tekin úr lögum félagsins.
 - UH kynnis [European Youth Capital](#) 2024. Umsóknarferlið byrjar í október 2020.

*Fundi slitið kl. 18:43.
SHB ritaði fundargerð.*